

Nd.

### 543. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Leggur einn þingm. til, að frv. verði samþykkt. 2 nefndarmenn vilja vísa því til stjórnarinnar. 2 þingm. leggja til, að frv. verði felt.

Einkasala á tóbaki komst hjer á 1. jan. 1922 og var lögð niður 1. jan. 1926. Á þinginu 1925, er löggin um afnám einkasölnunnar voru samþykkt, stóð mikil og hörð rimma um málið. Hjeldu meðhaldsmenn einkasölnunnar því fram, að landið mundi bíða stórtjón af afnámi einkasölnunnar.

Tekjur ríkissjóðs af einkasölu og tolli ná um

1922 . . . . .	kr. 439000.
1923 . . . . .	— 634000.
1924 . . . . .	— 876000.
1925 . . . . .	— 1108000.

Tvö árin síðan einkasalan var afnumin hafa tekjur ríkissjóðs af tóbaks-tolli numið:

1926 . . . . .	h. u. kr. 1130000.
1927 . . . . .	- - — 900000.

Rjett er í þessu sambandi að benda á, að tollurinn á tóbaki var hækk-aður um leið og einkasalan var afnumin.

Einokunarmenn halda því fram, að þegar verslunin sje á einni hendi, þá sje augljóst, að kostnaðurinn við verslunina verði minni heldur en ef versl-uninni er dreift á fleiri hendur, og sparnaðarins verði þeir aðnjótandi, sem kaupí vöruna. En ef einkasala á tóbaki á að byggjast á þessum hugleiðingum, þá leiða þær lengra, nefnilega til allsherjar einkasölnunnar, því ef öll verslun landsins væri á einni hendi, mætti með sama rjetti ætla, að kostnaðurinn yrði minni við hana. Þá halda einokunarmennirnir því fram, og þar er væntanlega höfuðástæða þeirra, að við það, að tóbaksverslunin sje á einni hendi, þá skapist skilyrði fyrir að geta náð betri innkaupum á vörunni. Sannleikurinn er sá, að aðalatriði málsins, sjeð frá hagsmunum þjóðarinnar, er einmitt það, hvort betri innkaup fáist á vörunni í einkasölu en í samkepnisverslun. Því auðvitað er það gróði fyrir

Þjóðina að fá innkaupin sem best. Ef þess vegna ætti að gera upp, hvort hagstæðara hefði verið að hafa einkasölu á árunum 1922—1925 eða frjálsa verslun, þá hefði orðið að íhuga innkaup tóbaksverslunarinnar á þessum árum og bera þan saman við, hver líkindi hefðu verið fyrir að fá sömn vöru keypta fyrir í frjálsri verslun. En örðugt mundi að gera slíkan samanburð. En annað er víst, ef manningum, sem á að gera innkaupin fyrir alt landið, mishepnast, þá getur af því hlotist stórtjón fyrir þjóðina. Hjer er einn af höfuðgöllum einokunarinnar, að svo mikið er lagt í eina hönd. En að því er aftur þá frjálsu samkepni snertir, eru ótal menn, sem eiga að gæta eigin hagsmuna í sem bestum innkaupum. Sá, sem gerir bestu innkaupin, er viss með að ná mestu af versluninni. Í þessu felst tryggingin fyrir því, að *yfir höfuð eru innkaupin gerð best* í frjálsri samkepni, af því að betur sjá augu en auga, og svo hinsvegar, að framtíð kaupmannsins eða kaupfélagsins er undir því komin, að þeir nái sem bestum innkaupum.

Þvi hefir verið haldið fram, að um tóbakseinokun gildi annað en um aðra einokun, en þetta er hin mesta fjarstæða. Allir höfuðgallar einokunar eiga einnig við þessa einokun. Ekki hefir ennþá tekist að sýna fram á eina einustu ástæðu, sem rjettlæti, að verslun með tóbak væri á öðrum grundvelli en grundvelli hinnar frjálsu verslunar. Í hlutarins eðli liggur það, að tekjurnar, sem ríkissjóður þarf að fá af þessari vöru, verða því ljettari á landsmönnum, þess hagstæðari sem verslunin er með þessa vöru. Hjer í þessu máli kemur því spursmálið algerlega hreint fram, hvort einokun sje betri en samkepnisverslun.

Sumir halda því fram, að þó að verslunarstjettin kunni að gera betri innkaup en einokunin, og flestir munu nú í sínu hjarta trúaðir á það, þá leggi verslunarstjettin svo mikið á vörurnar og það fari í hennar vasa.

En við því er þá það að segja, að þar sem kaupfélögin eru í samkepni við kaupmennina, þá geta þau, ef kaupmenn leggja of mikið á, tekið verslunina frá þeim með því að leggja þá með meiri sanngirni á vöruna. Undir öllum kringumstæðum fer gróðinn af hinum betri innkaupum í vasa landsmanna.

Að lokum viljum við taka fram, að okkur virðist það óþolandi hringl í löggjöfnni, ef nú eftir 2 ár á aftur að innfæra einokun á tóbaki, og mundi slíkt hringl síst vekja traust á þjóðinni.

Alþingi, 21. mars 1928.

Sig. Eggerz,  
frsm.

Ólafur Thors.